



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Matsveinn

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- getur tekið á móti unnu og óunnu hráefni, flokkað það og metið ástand og gæði með hliðsjón af umbúðamerkingum, hitastigi og almennum gæðakröfum og gengið frá því til geymslu
- getur skipulagt verkferla með tilliti til viðfangsefna, forgangsraðað verkefnum og undirbúið vinnusvæði
- þekkir lög og reglugerðir sem fara þarf eftir í viðkomandi starfsgrein og hefur á valdi sínu fagorð og fagheiti í sérgrein sinni
- þekkir þær reglur sem gilda um innra eftirlit matvælafyrirtækja hvað varðar viðmiðunarmörk og þau gildi sem þar að lúta, svo sem hitastigsmörk og getur verið virkur eftirlitsaðili í framkvæmd innra eftirlits á vinnustað
- þekkir gæðafaerla og gæðastaðla í innra eftirlitskerfi vinnustaða svo og vinnureglur um rekjanleikja vöru og þjónustu og afgreiðslu á vörum og þjónustu
- er meðvitaður um gildi öryggisvarna, þekkir helstu orsakir vinnuslysa og þær reglur sem gilda um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu
- sýnir skilning á þörfum viðskiptavina og vilja til að koma til móts við þær
- gætir fyllsta hreinlætis og getur þrifið og sótthreinsað húsnæði og búnað samkvæmt stöðluðum hreinlætiskröfum
- getur unnið við vélar, tæki og verkfæri sem í notkun eru hverju sinni, annast umhirðu þeirra og hreinsun
- getur gert áætlanir um innkaup til lengri og skemmri tíma, gert pöntunarlista og annast innkaup
- getur forgangsraðað verkefnum og undirbúið verk og vinnusvæði
- getur matreitt allan algengan heimilismat með hliðsjón af hollustu og næringargildi og framreitt á smekklegan hátt
- getur matreitt samkvæmt íslenskum matreiðsluhefðum og eftir viðurkenndum matreiðsluáðferðum
- kann að elda alla helstu skyndirétti og útbúa hátíðarrétti og reiða fram veisluföng
- þekkir til notkunar á borðbúnaði við borðlagningu eftir mismunandi matseðlum

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Matsveinn starfar við eldamennsku á öllum réttum sem eru á boðstólum í eldhúsum á minni fiski- og flutningaskipum og litlum mótuneytum. Matsveinn þjónar fólki sem borðar hjá honum daglega, skipuleggur matseðla með hliðsjón af hollustu og næringargildi þeirra rétta sem á boðstólum eru. Matsveinn matreiðir ef svo ber undir rétti fyrir þá sem haldnir eru fæðuofnæmi eða -óþoli. Hann annast innkaup á hráefni og öðrum vörum fyrir eldhúsið.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem menntamálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 2. þrep – EQF 3. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar Viðbótarnám til stúdentsprófs.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	

6. ÚMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er eitt ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í eina önn, námstími samtals 18 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám 24 vikur.</p> <p>Inngönguskilyrði Grunnskólapróf</p> <p>Viðbótarupplýsingar Frekari upplýsingar er að finna á: www.menntamalaraduneyti.is</p> <p>Upplýsingamiðstöð í landinu Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is</p>
--